

Jón Kalman Stefánsson
Ýmislegt um risafurur og tímann
Bjartur
2001

Síðasta óbrjálaða minningabókin

Nýjasta bók Jóns Kalmans Stefánssonar, Ýmislegt um risafurur og tímann, fjallar um hvikulan tíma, „segulskekkju skáldskaparins“, dauðann, stopult minnið og fegurð bernskunnar með óvenju fallegum og listrænum hætti. Sögumaður er tæplega fertugur og rifjar upp viðburðaríkt sumar í Noregi þegar hann var tíu ára. Rauði þráðurinn í bókinni er horfinn fortíð; leit að glötuðum tíma. Spurningar um endurminningarnar verða áleitnar, hvert er eðli þeirra og varðveisla – eru þær e.t.v. mynd án hljóðs (sbr. 17); eins og filmubútur sem virðist klipptur handahófskennt; mynd sem rykkist af stað og endar skyndilega (88)? Hvers er minnst og hvað verður um minningarnar þegar maður deyr? Þá er spurninni ekki síður beint að formi skáldsagna eða minningabóka. Er þessi bók kannski síðasta óbrjálaða minningabókin (47)? Margt er skemmtilega brjálað í þessari bók; kaflafyrirsagnir eru langar og víða útúrdúrar, innskot og útskýringar; vísanir og furður; draumar og persónulýsingar sem einkennast af barnslega auðugu ímyndunarafli. Miklu fleira er óbrjálað – þetta er listagóð saga.

Fjarlægðin milli sögumanns sem drengs og fullorðins manns er eilífðarvandamál í öllum skáldskap. Sögumaðurinn er mjög meðvitaður um vandann og fléttar hann inn í sögu sína: „Fjarlægðin svo mikil að maður þarf geimskip úr vísindaskáldsögu til að komast á milli á einni mannsævi, á ljóshraða, og hvaðeina, og tungumálið þunglamaleg breiðþota. Nú er ég einhvers staðar mitt á milli þessara heima. Man eins og barn, skil eins og fullorðinn. Hugsu sem barn, skrifa sem fullorðinn“ (60). Stíll sögunnar er bæði bernskur og heimspekilegur. Frásagnarhátturinn er skyndilega brotinn upp hér og þar, t.d. á bls. 49: „og afi, ég vildi gjarnan grípa inn í frásögnina, stinga mér niður í liðinn tíma og koma þér til hjálpar, en því miður afi...“ og: „...sagði hann staddur í runnanum á blaðsíðu 37, í upphafi þessa horfna sumars...“ (153). Við þessi áreiti hrekkur lesandinn upp úr ljúfum draumi en gleymir sér fljótt aftur í norskri nostalgíu.

Sögumaðurinn lifir og hrærist í heimi barna- og unglingabóka. Indjáninn Léttfeti og Tarzan fylgja honum hvert fótmál; eru bjargvættir hans og fyrirmyndir. Bernskan er síður en svo áhyggjulaus, með síkveljandi myrkfælni og dauðabeyg, afdrifaríkum uppátækjum sögumanns og norsku guttanna Björns og Eriks, og ofvitanum Helge sem veit allt en skilur ekkert. Áhrifarík og ógleymanleg er hin hæga, dularfulla frásögn af því þegar nágranninn Per fékk slag. Þar er sjónarhornið snilldarlega útfært - eins og mynd sem er sýnd hægt. Kímnin svífur yfir vötnum í sögunni, ekki síst í lýsingum á þeim risafurum: afa og ömmu sem hafa látið drauma sína að baki. Saman við húmorinn er blandað alvarlegri heims- og lífsspeki, hugleiðingum um skammvinnt lífshlaupið og ljóðrænu. Textinn er svo myndrænn, fallegur og tilgerðarlaus að orðin bráðna í munnum: „Laufþakið sumstaðar svo þétt að birtan verður grænleit, en hér og þar stingast sólargeislar niður á milli trjána, og þeir eru stigar eða kaðlar sem enginn vandi er að fikra sig upp eftir, alla leið inn í himininn, maður myndi bara skilja skóna sína eftir á skógarbotninum, ástæðulaust að vera í skóm í bláum himni og líka gott að skilja þá eftir sem vísbendingu...“ (72).

Ýmislegt um risafurur og tímann er heimspekileg þroskasaga. Í henni mætast heimur barnsins og veröld hinna fullorðnu. Þegar sögumaður er fullorðinn er hann að mörgu leyti ósáttur við örlögin og ljúfsár söknuðurinn eftir bernskunni og fögrum heimi fortíðar er allsráðandi: „Ég hafði, með öðrum orðum, tekið út gífurlegan þroska og það var líklega komið mor í tært vatn bernskunnar. Stundum héldum við inn í skóginn, ég, Tarzan og Léttfeti og stóðum daprir upp við stórt tré“ (167). Í bókarlok er bernskan að baki; Tarzan, Léttfeti og norsku vinirnir eru skildir eftir. Hinn heimsögulegi atburður sem beðið er eftir alla söguna markar upphaf fullorðinsáranna. Útlínur sögumannsins leysast upp og hann hverfur. Í eftirmála situr hann með afa sínum í eins konar óskmynd þess að sigra dauðann. En dauðinn, tíminn og minnið tengjast þroska og lífi: „...hvílikur bruni þegar ég brenn endanlega upp í tímanum með allar þessar minningar og þúsundfalt fleiri, hvílíkt bál, en um leið bara eldspýta sem kveikt er á í roki. Örskotsstund. Kannski grunur um ljós. Síðan ekki meir. Þetta er tíminn. Svona er hann gjöfull. Svona er hann vægðarlaus (87). Þetta er heimspeki 21. aldar mannsins sem trúir ekki neinu og vonar ekkert, þekkir aðeins horfinn heim, óvissuna og efann.

Steinunn Inga Óttarsdóttir